Aðgerðaáætlun
Innleiðing farsældar barna
2026

Reykjanesbær, 20. febrúar 2026

Aðgerðaáætlun 2026
Innleiðing farsældar barna

Reykjanesbær, 20. febrúar 2026

Efnisyfirlit

1 Farsæld barna 1

1.1 Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna 1

1.2 Stefnur Reykjanesbæjar og Barnasáttmálinn 1

1.3 Innleiðingarhringur farsældar 3

1.3.1 1. skref - Upphaf og undirbúningur 4

1.3.2 2. skref - Stöðumat 5

1.3.3 3. skref – Fræðsla 5

1.3.4 4. Skref – Aðgerðaáætlun 6

1.3.5 5. Skref – Framkvæmd 7

1.3.6 6. Skref – Lokamat, endurgjöf og verklagsreglur 8

1.3.7 7. Skref – Ný markmið og áframhald 8

2 Stjórnskipulag innleiðingar farsældar barna 9

3 Hagsmunaaðilar 12

4 Greinargerð vegna stöðumats 13

4.1 Stöðumat leik- og grunnskóla 13

4.2 Stöðumat innleiðingar farsældar barna 17

4.3 Skráning fjölda mála 21

5 Aðgerðaáætlun 23

5.1 Aðgerð 1: Fræðsla til alls starfsfólks og kjörinna fulltrúa 23

5.2 Aðgerð 2: Verkferlar við samþættingu 25

5.3 Aðgerð 3: Tengslanet við almenna þjónustuveitendur 26

5.4 Aðgerð 4: Styrkja tengiliði farsældar í sínu hlutverki 28

5.5 Aðgerð 5: Styrkja málstjóra farsældar í sínu hlutverki 29

5.6 Aðgerð 6: Sameiginleg vinnustofa fyrir tengiliði og málstjóra farsældar 30

5.7 Aðgerð 7: Upplýsingagjöf á vef Reykjanesbæjar 31

5.8 Aðgerð 8: Kynning og fræðsla til íbúa.....32

5.9 Aðgerð 9: Farsæld í samfélaginu 33

5.10 Samantekt aðgerða..... 34

6 Lokamat og áframhald 35

Viðauki I – Tímaáætlun aðgerða 36

1 Farsæld barna

Aðgerðaáætlunin tekur til innleiðingar farsældar barna í Reykjanesbæ árið 2026. Gerð er grein fyrir lagagrundvelli, innleiðingarhringnum, stöðu innleiðingarinnar til þessa, stjórnskipulagi, helstu hagsmunaaðilum og stöðumat um samþættingu mála. Í framhaldi eru aðgerðir ársins kynntar.

1.1 Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 tóku gildi í janúar 2022, lögin verða nefnd *farsældarlögin* hér eftir. Markmið laganna er að tryggja börnum og foreldrum greiðan aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Með því að samþætta þjónustuna er tryggt að þjónustan verði samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Áhersla er lögð á að allir sem starfa með börnum og fjölskyldum þeirra leggi sitt af mörkum til að tryggja að verndandi þættir séu til staðar í lífi allra barna. Þessir verndandi þættir eru oft nefndir fimm grunnstoðir farsældar; *heilbrigði og líðan, menntun, þátttaka og félagsleg tengsl, öryggi og vernd, lífsgæði og félagsleg staða.*

Börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, leik-, grunn- og framhaldsskóla eða félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni.

Hér er um að ræða boð um samþættingu þjónustu fyrir foreldra og börn, sé þess óskað. Tilgangur löggjafarinnar er að tryggja að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og þurfi ekki að ganga á milli ólíkra þjónustuaðila hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum. Útgangspunktur allrar starfsemi á að vera barnið sjálft og hagsmunir þess.

1.2 Stefnur Reykjanesbæjar og Barnasáttmálinn

Við innleiðingu farsældar barna eru stefnuáherslur úr meginstefnu Reykjanesbæjar til ársins 2030 *Í krafti fjölbreytileikans* ávallt hafðar að leiðarljósi. Sérstaklega eru fjórar stefnuáherslur sérstaklega hafðar til hliðsjónar, þær eru *börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, skilvirk þjónusta* og *kraftur fjölbreytileikans.*

Mynd 1: Fjórar stefnuáherslur Reykjanesbæjar

Einnig er stuðst við þjónustu- og gæðastefnu sveitarfélagsins í allri verkefnavinnu. Þar eru þrír hornsteinar lagðir til grundvallar: fagmennska, sveigjanleiki og skilvirkni, sem endurspeglast í skipulagi, framkvæmd og eftirfylgni verkefna.

Í stefnu Reykjanesbæjar eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna tengd við hverja stefnuáherslu, út frá þeim áherslum sem innleiðing farsældarlaganna styður helst við liggja sjö heimsmarkmið að baki. Heimsmarkmiðin eru nr.1. Engin fátækt, nr. 3 Heilsa og vellíðan, nr. 4 Menntun fyrir alla, nr. 5 Jafnrétti kynjanna, nr. 9 Nýsköpun og uppbygging, nr. 10 Aukinn jöfnuður og nr. 16 Friður og réttlæti.

Mynd 2: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Eitt af meginmarkmiðum farsældarlaganna er að tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Samningurinn, sem oft er nefndur

Barnasáttmálinn, varð að lögum á Íslandi í febrúar 2013. Markmiðið með lögfestingunni var að tryggja að honum væri beitt í auknum mæli og hefði bein áhrif á íslenskt samfélag.

Hugtakið „farsæld barns“ er lykilhugtak í farsældarlögunum en það er skilgreint sem *„aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar“*.

Við túlkun hugtaksins skal meðal annars taka mið af 6. gr. Barnasáttmálans um líf og þroska. Auk 6. gr. Barnasáttmálans liggja eftirfarandi greinar að baki öllum fimm grunnstoðum farsældar: 2. gr. Öll börn eru jöfn, 3. gr. Það sem barninu er fyrir bestu, 12. gr. Virðing fyrir skoðunum barna.

Mynd 3: Greinar úr Barnasáttmálanum

1.3 Innleiðingarhringur farsældar

Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) er leiðandi aðili í innleiðingu farsældarlaganna. Hlutverk BOFS er meðal annars að samræma vinnubrögð og styðja við samtal ólíkra aðila frá mismunandi stofnunum sem allar eiga það sameiginlegt að sinna þjónustu við börn. Handbók farsældar, innleiðing farsældarlaganna á landsvísu var gefin út í október 2024 af BOFS.

Innleiðingarhringur farsældarlaganna inniheldur sjö skref en gert er ráð fyrir því að það taki sveitarfélög og stofnanir mislangan tíma að ljúka við fyrsta hringinn. Að honum loknum er mikilvægt að setja ný markmið sem stuðla að því að viðhalda farsældinni í öllu starfi með börnum og fjölskyldum þeirra.

Skref innleiðingarhringsins eru:

1. Upphaf og undirbúningur
2. Stöðumat
3. Fræðsla
4. Aðgerðaáætlun

5. Framkvæmd
6. Lokamat, endurgjöf og verklagsreglur
7. Ný markmið og áframhald



Mynd 4: Innleiðingarhringur farsældar barna

1.3.1 1. skref - Upphaf og undirbúningur

Markmið þessa fyrsta skrefs í innleiðingarhringnum er:

- Sveitarfélagið setur í forgang að innleiða farsældarlögin
- Kynning á farsældarlögunum nær til allra sem stýra þjónustu við börn
- Tryggja þarf samtal strax í upphafi við alla sem veita þjónustu í þágu farsældar barna innan marka sveitarfélagsins
- Tilnefning ábyrgðaraðila innleiðingar farsældarlaganna hjá sveitarfélagi
- Stofnun stýrihóps farsældar

Það sem Reykjanesbær hefur unnið að sem fellur undir 1. skrefið:

- Innleiðingarteymi var myndað vorið 2022.
- Ábyrgðaraðili/verkefnastjóri var settur vorið 2022, nýr verkefnastjóri tók við verkefninu byrjun árs 2023.
- Tengiliðir farsældar skipaðir og málstjórar farsældar skilgreindir vorið 2022.

- Kynningarfundur um farsældarlögin var haldinn fyrir helstu hagsmunaaðila sem koma að þjónustu við börn haustið 2022.
- Strax í upphafi hófst samtal á milli skrifstofu velferðar- og menntasviðs ásamt leik- og grunnskólum.
- Fyrsta samtal með Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Suðurnesja var í ágúst 2023. Síðar um haustið var átt samtal við Heilsugæsluna Höfða á Suðurnesjum þegar hún opnaði starfsemi sína.

1.3.2 2. skref - Stöðumat

Markmið annars skrefs innleiðingarhringsins er:

- Mat á stöðu sveitarfélags á innleiðingu farsældarlaganna
- Ábyrgðaraðili farsældar og stýrihópur svara eftirfarandi gátlistum:
    - 2.1. Fræðsla
    - 2.2. Stigskipting þjónustu
    - 2.3. Vinnsla persónuupplýsinga
    - 2.4. Tengiliðir farsældar
    - 2.5. Málstjórar farsældar
- Niðurstöður stöðumats teknar saman og hægt að óska eftir stuðningi og/eða endurgjöf frá farsældarsviði BOFS

Það sem Reykjanesbær hefur unnið að sem fellur undir 2. skrefið:

- Mat á stöðu innleiðingar farsældarlaganna eftir gátlistum 2.1 til 2.5 var framkvæmt í ágúst 2025.
- Niðurstöðurnar nýttar til umbóta í innleiðingunni.
- Stuðningur frá BOFS við innleiðinguna hófst í september 2025. Verkefnastjóri átti fund með sérfræðingum BOFS í september og nóvember 2025.

1.3.3 3. skref – Fræðsla

Þriðja skref innleiðingarhringsins felur í sér:

- Fræðsla um farsældarlögin er alltumlykjandi í innleiðingarferlinu
- Ábyrgðaraðili farsældar setur saman fræðsluáætlun um farsældarlögin þar sem fræðsla til mismunandi hópa er skipulögð og henni forgangsraðað.
- Huga þarf að þátttöku barna- og ungmenna þegar fræðsla og kynningar til þeirra eru skipulagðar
- Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældar ber ábyrgð á að þjónustuveitendur sveitarfélags fái nauðsynlega fræðslu
- Hægt er að nýta fræðsluefni frá BOFS við kynningar ásamt heimasíðu farsældar – www.farsaeldbarna.is

Það sem Reykjanesbær hefur unnið að sem fellur undir 3. skrefið:

- Fræðslan hefur verið gegnumgangandi í innleiðingarferlinu
- Allar þær kynningar sem hafa verið haldnar hafa einnig falið í sér fræðslu
    - Vorið 2023 var haldinn kynningar- og samráðsfundur með skrifstofu velferðar- og menntasviðs
    - Vorið 2023 - Farsældarrúta BOFS, 90 manna fundur með öllum helstu hagsmunaaðilum í farsæld barna
    - Vorið 2023 var haldinn kynningar- og samráðsfundur með tengiliðum farsældar í leik- og grunnskóla, framhaldsskóla og heilsugæslu
    - Haustið 2023 – Fögnum farsældinni, allir tengiliðir farsældar og stjórnendur. Vefur um farsæld barna á vef sveitarfélagsins opnar formlega og verkferlar teknir formlega í notkun
- Vorið 2024 – Fræðsla fyrir málstjóra í barnavernd
- Vorið 2024 – Fræðslu- og samráðsfundir með tengiliðum farsældar í leik- og grunnskólum
- Vorið 2025 – Fræðslu- og samráðsfundir með tengiliðum farsældar í leik- og grunnskólum
- Vor/haust 2025 – Tengiliðir farsældar með kynningu um farsæld barna fyrir allt sitt starfsfólk í hverri skólastofnun
- Vor 2025 – Kynning á stöðu innleiðingar farsældar barna í velferðar-, mennta- og lýðheilsuráði
- Haust 2025 – Kynning á farsæld barna og stöðu innleiðingar í íþrótta- og tómstundaráði
- Haust 2025 – Farsældarspjall hjá skrifstofu menntasviðs
- Haust 2025 – Fundir með tengiliðum farsældar í leik- og grunnskólum
- Farsældarskólinn fyrir tengiliði (á vegum BOFS). Staðan óbreytt síðan sumarið 2025:
    - 77 þátttakendur hafa lokið grunnnámskeiði Farsældarskólans.
    - 11 þátttakendur hafa lokið framhaldsnámskeiði Farsældarskólans.
    - Samantekt byggð á netföngum, samantektin er að undanskildum þjónustureknum leikskólum
- Haustið 2025 – Kynning á stöðu innleiðingar á starfsdegi velferðarsviðs
- Haustið 2025 – Samtal um farsældina með málstjórum farssælda
- Haustið 2025 – Starfsdagur málstjóra farsældar í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ með BOFS

1.3.4 4. Skref – Aðgerðaáætlun

Fjórða skrefið felur í sér:

- Gerð aðgerðaáætlunar um innleiðingu farsældarlaganna
- Aðgerðir í aðgerðaáætlun eru valdar út frá niðurstöðum allra þátta stöðumatsins
- Aðgerðir eru skýrar og vel skilgreindar, þeim fylgir tímarammi og umsjónarmaður
- Aðgerðaáætlun er lögð fyrir sveitarstjórn og/eða fastanefndir sveitarfélaga eða yfirstjórnir stofnana og hún samþykkt formlega

- Aðgerðaáætlun er kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og þjónustuþegum stofnana

Það sem Reykjanesbær hefur unnið að sem fellur undir 4. skrefið:

- Hingað til hefur ekki verið gerð formleg aðgerðaáætlun en verkefni hafa verið sett niður og skipulögð með stýrihópi.
- Fyrirhugað er að aðgerðaáætlun sé gerð eitt ár í senn og er sett fram í skýrsluformi (Word) ásamt töfluformi (Excel) til þess að fá yfirsýn yfir aðgerðirnar.
- Formleg aðgerðaáætlun ársins 2026 verður því sú fyrsta í innleiðingu farsældar barna hjá Reykjanesbæ þar sem aðgerðir eru byggðar á þörfum og unnar út frá stöðumati innleiðingarinnar og mati leik- og grunnskóla á innleiðingunni.
- Aðgerðaáætlunin er unnin af verkefnastjóra og stýrihópi.
- Áætlað er að leita eftir endurgjöf á aðgerðaáætlunina frá eigendum, málstjórum farsældar, tengiliðum farsældar og stjórnendum leik- og grunnskóla verkefnastjóra Farsældarráðs Suðurnesja, sérfræðingum á farsældarsviði Barna- og fjölskyldustofu og ungmennaráði Reykjanesbæjar.
- Áætlunin verður síðar kynnt og lögð fram til samþykktar í viðeigandi fagráðum sveitarfélagsins, fái þar með afgreiðslu og samþykki kjörinna fulltrúa.
- Áætlunin verður einnig kynnt ýmsum ytri hagsmunaaðilum, svo sem fulltrúum úr íþrótta- og tómstundastarfi í Reykjanesbæ, heilsugæslustöðvum í Reykjanesbæ og Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Lögreglan á Suðurnesjum.

1.3.5 5. Skref – Framkvæmd

Fimmta skrefið felur í sér:

- Umsjónarmenn aðgerða halda utan um framkvæmd aðgerða og tryggja þeim framgöngu.
- Framvinda aðgerða er reglulega metin til að greina frávik við aðgerðaáætlun
- Umsjónarmenn aðgerða leita til ábyrgðaraðila innleiðingar og/eða stýrihóps ef þörf er á stuðningi.
- Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna hefur greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi frá farsældarsviði BOFS á meðan framkvæmdarskrefi stendur.

Það sem Reykjanesbær hefur unnið að sem fellur undir 5. skrefið:

- **Verkefni 1: Fræðsla og kynningar** (talið upp í skrefi 3 hér að framan).
- Önnur verkefni, til viðbótar þau sem hafa verið talin upp í 3. skrefi:
- **Verkefni 2: Verkferlar.** Vinna hófst við verkferlana um haustið 2022 og formlega gefnir út og teknir í notkun haustið 2023. Endurbætur á verkferlunum hófust haustið 2024 og voru endurbættir verkferlar gefnir út vorið 2025.
- **Verkefni 3: Upplýsingagjöf**. Upplýsingagjöf til íbúa og ytri hagsmunaaðila, opnaður var upplýsingavefur um farsæld barna á vef sveitarfélagsins haustið 2023. Leik- og

grunnskólar hafa farið ýmsar leiðir að kynna farsældina fyrir börnum og fjölskyldum í skólunum, t.d. kynnt tengiliði í viðtölum, sett upplýsingar um farsæld barna á vef skólanna, sent út upplýsingapósta um farsældina.

- **Verkefni 4: Úrræðalisti**: Vinna við úrræðalistann, kortlagningu þjónustu á hverju stigi fyrir sig, hófst haustið 2022. Grunnskólar kortlögðu einnig sín úrræði innan hvers skóla fyrir sig. Úrræðalistinn var formlega gefinn út, gerður aðgengilegur tengiliðum og málstjórum farsældar febrúar 2025.
- **Verkefni 5**: Beiðni um tengilið á Mínum síðum á vef Reykjanesbæjar: Haustið 2025 var unnið að eyðublaði sem sett var á Mínar síður til þess að auka aðgengi að tengiliðum. Að því leyti að bæta við einni leið til viðbótar fyrir fjölskyldur að nálgast tengiliði. Sumir skólar hafa sett slíkt eyðublað á sinn vef.
- **Verkefni 6**: **Ferill fyrir skjaladeild:** Settur upp greinargóður ferill fyrir skjaladeild hvernig skuli vinna úr málum sem koma í gegnum skjaladeild.

1.3.6 6. Skref – Lokamat, endurgjöf og verklagsreglur

Sjötta skrefið felur í sér:

- Þegar allar aðgerðir aðgerðaáætlunar hafa verið uppfylltar eru niðurstöður teknar saman í lokamat.
- Mælt er með endurgjöf frá farsældarsviði BOFS og breytingar gerðar ef tilefni er til
- Sveitarfélag setur sér verklagsreglur um vinnslu mála samkvæmt farsældarlögum sem byggja á lokamati.
- Niðurstöður og verklagsreglur eru kynntar fyrir öllum sem stýra og sinna þjónustu við börn hjá sveitarfélaginu.
- Niðurstöður kynntar út á við til samfélagsins.

Það sem Reykjanesbær hefur unnið að sem fellur undir 6. skrefið:

- Reykjanesbær hefur nú þegar sett sér verklagsreglur um vinnslu mála. Þó er stöðug endurskoðun á verklagsreglunum mjög mikilvæg.

1.3.7 7. Skref – Ný markmið og áframhald

Sjöunda og síðasta skrefið í innleiðingarhringnum felur í sér:

- Ný markmið og áætlun um að viðhalda farsæld.
- Vinna svæðisbundinna farsældarráða er mikilvægur hlekkur í mótun nýrra markmiða og viðhaldandi aðgerða.
- Nýting tölfræðilegra gagna í mælaborði farsældar með markvissum hætti við forgangsröðun og mat á áhrifum aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga.

Það sem Reykjanesbær hefur unnið að sem fellur undir 7. skrefið:

- Farsældarráð Suðurnesja var stofnað í júní 2025.
- Fenginn hefur verið styrkur fyrir verkefnið „Ávísun á farsæld“ til tveggja ára, upp á 43 m.kr.

2 Stjórnskipulag innleiðingar farsældar barna

Stjórnskipulag við innleiðingu farsældarlaganna var endurskipulagt haustið 2025.

Eigendur: Helgi Arnarson, sviðsstjóri menntasviðs og Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Hlutverk og ábyrgðarsvið eigenda verkefnis:

- Styðja við verkefnið, tryggja samstarf þeirra aðila sem þurfa að koma að því og fjarlægja hindranir eins og þarf til að tryggja framgang þess.
- Móta og miðla sýn á tilgang og áhrif verkefnisins.
- Vera málsvari verkefnisins út á við, í samstarfi við viðeigandi aðila svo sem kjörna fulltrúa og Farsældarráð Suðurnesja.
- Fara með heildarábyrgð á að verkefnið skili þeim niðurstöðum sem lagt var upp með.
- Samþykkja grunnviðmið verk- og tímaáætlunar og hafa almennt eftirlit með framgangi hennar.
- Taka stærri ákvarðanir varðandi framgang verkefnisins, staðfesta niðurstöður, lykiláfanga verkefnisins og áframhaldandi vinnu og breytingar á verkáætlun ef þær leiða til breytinga á umfangi, afurðum, kostnaði eða skilatíma.
- Tryggja nauðsynlegt fjármagn, aðföng og mannafla.
- Sitja í Farsældarráði Suðurnesja

Verkefnastjóri: Eydís Rós Ármannsdóttir, verkefnastjóri innleiðingar farsældar barna

Hlutverk og umboð verkefnastjóra:

- Ábyrgðaraðili innleiðingarinnar
- Stilla upp innra skipulagi verkefnahópa og þeirra sem koma að verkefnavinnunni, skilgreina hlutverk, ábyrgð og umboð aðila í verkefninu í samstarfi við eigendur verkefnis
- Skipa í verkefnahópa, eftir því sem við á og í samstarfi við stýrihóp
- Gera verk- og tímaáætlun og fjárhagsáætlun sem uppfyllir forsendur skilgreiningar verkefnis í samstarfi við stýrihóp.
- Hafa eftirlit með og stýra verkefni samkvæmt samþykktri verk- og tímaáætlun.
- Halda utan um og samþykkja minni breytingar á verk- og tímaáætlun, leggja stærri breytingar fyrir eiganda verkefnis til samþykkis.
- Tryggja að niðurstaða verkefnis mæti markmiðum

- Bera ábyrgð á gerð stöðu- og lokaskýrslu, sem og upplýsingamiðlun til eiganda, samstarfs- og hagsmunaaðila.
- Stuðla að góðum vinnuanda í stýri- og verkefnahópum.
- Tryggja skjölun verkefnisins.
- Fundir með eigendum að lágmarki 2x á ári.
- Samskipti við ýmsa hagsmunaaðila.
- Áheyrnarfulltrúi í framkvæmdahópi Farsældarráðs Suðurnesja
- Óska eftir gögnum frá tengiliðum og málstjórum farsældar og skila inn skráningu mála í samþættingu til Barna- og fjölskyldustofu þrisvar sinnum á ári.

Stýrihópur

Nafn og starfsheiti	Hlutverk/fulltrúi
Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðukona tómstundamiðstöðvar Reykjanesbæjar	Fulltrúi tómstundastarfs, tenging við tómstundastarf sveitarfélagsins
Haraldur Axel Einarsson, grunnskólafulltrúi	Fulltrúi grunnskólanna, sérfræðingur f. hönd grunnskóla, tenging við grunnskóla
Henný Úlfarsdóttir, teymisstjóri barnaverndarþjónustu	Fulltrúi málstjóra á 3.stigi
Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi	Fulltrúi leikskóla, sérfræðingur f. hönd leikskóla, tenging við leikskóla
Kolfinna Njálsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu	Fulltrúi skólaþjónustunnar. Situr í framkvæmdahópi Farsældarráðs Suðurnesja
Vilborg Pétursdóttir, teymisstjóri barna- og fjölskylduteymis	Fulltrúi málstjóra á 2.stigi. Situr í framkvæmdahópi Farsældarráðs Suðurnesja

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópur er skipaður af eigendum og deilir ábyrgð með þeim. Stýrihópur gegnir samræmingarhlutverki, tekur allar meiriháttar ákvarðanir varðandi verkefnið og er bakland verkefnisstjóra og verkefnahópa sem undir þeim starfa.

Ábyrgðarsvið stýrihóps:

- Þátttaka í undirbúningi verkefnis, gerð verk- og tímaáætlunar, aðgerðaráætlunar fyrir hvert ár í senn og annarra gagna.
- Stýrihópur fundar að lágmarki 2x á önn, getur verið að funda oftar við gerð á aðgerðaráætlun. Ritaðar eru fundargerðir.
- Þess á milli miðlar verkefnastjóri upplýsingum í tölvupósti eða með öðrum hætti eftir þörfum
- Aðgerðaráætlun fylgir almanaksári, unnin samhliða starfsáætlunar- og fjárhagsáætlunarvinnu.
    - Verkefnastjóri leggur aðgerðaráætlun fyrir eigendur til rýni og endurgjafar

Verkefnahópar

Hlutverk verkefnahópa er að undirbúa og annast framkvæmd verkefna, til samræmis við það hlutverk sem hverjum þátttakanda í hópnum er ætlað samkvæmt þeim forsendum sem ákveðnar hafa verið við skilgreiningu verkefnis.

Ábyrgðarsvið verkefnahópa:

- Þátttaka í undirbúningi verkefna sem eru hluti af aðgerðaráætlun.
- Annast framkvæmd verkþátta sem hverjum þátttakanda er falið.
- Leggja til fagþekkingu á því sviði sem þeir starfa og eru fulltrúar fyrir.
- Miðlun upplýsinga til verkefnastjóra um framgang verkefnis og verklok.
- Verkefnahópar eru settir saman eftir þörfum, út frá aðgerðum í aðgerðaráætlun hverju sinni.

Starfsfólk er kallað inn í ákveðin verkefni í verkefnahópa, sem hafa upphaf og verklok.



Mynd 5: Stjórnskipulag innleiðingar farsældar barna

3 Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilar að innleiðingu farsældar barna eru fjölmargir.

Innri hagsmunaaðilar

Bæjarstjórn, bæjarráð, velferðarráð, menntaráð, íþrótta- og tómstundaráð, lýðheilsuráð, skrifstofa menntasviðs, skrifstofa velferðarsviðs, skjaladeild, vefstjóri, gæðastjóri, markaðs- og kynningarfulltrúi.

Leikskólar í Reykjanesbæ (Asparlaut, Drekadalur, Heiðarsel, Hjallatún, Holt, Stapaskóli, Tjarnarsel, Vesturberg, Völlur, Gimli, Akur og Skógarás).

Grunnskólar í Reykjanesbæ (Akurskóli, Háaleitisskóli, Heiðarskóli, Holtaskóli, Myllubakkaskóli, Njarðvíkurskóli og Stapaskóli).

Félagsmiðstöðvar (Hafnó, Stapa, Háaleitis, Akurskóla), íþrótta- og sundmiðstöðvar, Tónlistarskóli RNB.

Meðlimir í stýrihóp (Gunnhildur, Haraldur, Henný, Ingibjörg, Kolfinna, Vilborg). Eigendur verkefnisins (Helgi og Hera).

Ytri hagsmunaaðilar

Ytri stofnanir - Barna- og menntamálaráðuneyti, Barna- og fjölskyldustofa, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Heilsugæslan Höfða, farsældarráð Suðurnesja, Lögreglan á Suðurnesjum, svæðisfulltrúar íþróttahéraða á vegum Íþróttasambands Íslands á Suðurnesjum.

Aðrir ytri hagsmunaaðilar - íbúar, börn og fjölskyldur, íþróttahreyfingin, listastarf og önnur menningarstarfsemi, félags- og tómstundastarf, sjálfstætt starfandi sérfræðingar, frjáls félaga- og hagsmunasamtök.

4 Greinargerð vegna stöðumats

Hér er farið yfir það stöðumat sem hefur verið unnið á innleiðingartímanum. Það er stöðumat leik- og grunnskóla, stöðumat yfir innleiðingu farsældar barna og skráning fjölda mála í samþættri þjónustu. Í hverju stöðumati er farið yfir hvað gengur vel og hvar tækifæri til vaxtar og umbóta liggja.

4.1 Stöðumat leik- og grunnskóla

Gátlisti um stöðumat í hverjum leik- og grunnskóla voru lagðir fyrir í október 2025. Gátlistinn kemur frá Barna- og fjölskyldustofu. Svör bárust frá öllum 19 skólum á tímabilinu október til byrjun desember 2025. Tengiliðum farsældar var falið það verkefni að meta stöðu skólans með stuðning stjórnenda eftir þörfum.

Eftirfarandi fullyrðingar voru lagðar fram í stöðumatsgátlistanum og svara átti á skalanum 1 til 5. Tölurnar stóðu fyrir eftirfarandi:

1 = Ekki komið til framkvæmda

2 = Að litlu leyti komið til framkvæmda

3 = Að hluta komið til framkvæmda

4 = Að miklu leyti komið til framkvæmda

5 = Að fullu komið til framkvæmda.

Viðmið 1 – Markmið skólans í átt að farsæld

- 1.1. Farsældarlög eru innleidd í allt verklag skólans. Hugmyndafræði og markmið farsældarlaganna eru skýr, sýnileg og samofin öllu starfi skólans.
- 1.2 Skólastjórnendur hafa sótt sér fræðslu um farsældarlöggjöfina m.a. um hlutverk og ábyrgð grunnskóla. Skólastjórnendur eru meðvitaðir um ábyrgð sína við að innleiða og viðhalda farsæld innan veggja skólans.
- 1.3 Allt starfsfólk fær reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem þjónustuveitendur og veit hvernig bregðast á við þegar þörfum nemanda er ekki mætt.
- 1.4 Ítarlegur úrræðalisti fyrir þjónustu á fyrsta stigi (grunn- og einstaklingsmiðaður stuðningur) er til staðar og aðgengilegur starfsfólki, nemendum og foreldrum. Úrræðalistinn er uppfærður reglulega.
- 1.5 Búið er að útnefna tengilið/i farsældar við skólann og tilkynna til BOFS.
- 1.6 Tryggt er að tengiliður farsældar hafi tíma og svigrúm til að sinna hlutverki sínu.
- 1.7 Tengiliður farsældar er aðgengilegur nemendum og foreldrum og hlutverk hans er vel skilgreint. Skólastjórnendur sjá til þess að upplýsingar um tengilið skólans og hlutverk hans sé aðgengilegt á heimasíðu skólans.

- 1.8 Nemendur og foreldrar eru vel upplýstir um farsældarlöggjöfina og hlutverk og ábyrgð skólans í átt að farsæld allra nemenda.
- 1.9 Skólastjórnendur tryggja að til staðar séu verklagsreglur hjá skólanum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver ber ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt.

Viðmið 2 – Hlutverk og ábyrgð tengiliða farsældar í skólastarfi

- 2.1 Tengiliður farsældar hefur sótt fræðslu hjá BOFS um hlutverk sitt. Hann viðheldur þekkingu sinni um farsældarlöggjöfina og hlutverk sitt því tengdu.
- 2.2 Tengiliður farsældar þekkir vel úrræðalista um úrræði á fyrsta stigi innan sem utan veggja grunnskólans.
- 2.3 Tengiliður farsældar þekkir vel verklagsreglur um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar.
- 2.4 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, kynnir hlutverk tengiliðar reglulega fyrir nemendum og foreldrum.
- 2.5 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, stendur fyrir fræðslu um farsældarlöggjöfina, samþættingu þjónustu og hlutverk tengiliðar til nýrra nemenda og foreldra, að hausti og eftir þörfum.
- 2.6 Tengiliður farsældar fylgir eftir verklagsreglum skólans í vinnu með nemendum og/eða foreldrum sem þurfa aðstoð.
- 2.7 Tengiliður farsældar tekur þátt í að tryggja góða samvinnu og samfellu í þjónustu óháð kerfum, t.d. þegar nemendur flytjast á milli skóla, skólastiga, við heilbrigðis- og/eða velferðarkerfið.

Niðurstöður stöðumatsins veita stýrihópnum góða yfirsýn yfir stöðu hvers skóla, út frá því hvar skólarnir meta sig standa út frá gefnum fullyrðingum. Á grundvelli þess mats má greina tækifæri til umbóta.

Á heildina litið kom stöðumatið vel út, meðaltalið heilt yfir er 3,89 af 5 mögulegum. Sjá niðurstöður nánar á mynd 6.



Mynd 6: Stöðumat leik- og grunnskóla. Meðaltal eftir fullyrðingum.

Viðmið um tækifæri til umbóta eru þær fullyrðingar sem fengu gildin 2 til 4, þ.e. frá appelsínugulu línunni og upp að grænu línunni á stöplaritinu. Þær fullyrðingar sem fengu gildin 1 til 2 þarf að forgangsraða í umbótaferlinu. Gildið 4 til 5, sem er frá grænu línunni og upp úr er metið svo að skólarnir meti sig vel. Ljósblá punktalína merkir meðaltal allra fullyrðinga, allra skólanna.

Þær fullyrðingar sem voru undir viðmiðinu og gefa tilefni til úrbóta eru fullyrðingar 1.1, 1.3, 1.4, 1.8, 1.9, 2.4 og 2.5:

- *1.1. Farsældarlög eru innleidd í allt verklag skólans. Hugmyndafræði og markmið farsældarlaganna eru skýr, sýnileg og samofin öllu starfi skólans.*
- *1.3 Allt starfsfólk fær reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem þjónustuveitendur og veit hvernig bregðast á við þegar þörfum nemanda er ekki mætt.*
- *1.4 Ítarlegur úrræðalisti fyrir þjónustu á fyrsta stigi (grunn- og einstaklingsmiðaður stuðningur) er til staðar og aðgengilegur starfsfólki, nemendum og foreldrum. Úrræðalistinn er uppfærður reglulega.*
- *1.8 Nemendur og foreldrar eru vel upplýstir um farsældarlöggjöfina og hlutverk og ábyrgð skólans í átt að farsæld allra nemenda.*
- *1.9 Skólastjórnendur tryggja að til staðar séu verklagsreglur hjá skólanum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver ber ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt.*

- *2.4 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, kynnir hlutverk tengiliðar reglulega fyrir nemendum og foreldrum.*
- *2.5 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, stendur fyrir fræðslu um farsældarlöggjöfina, samþættingu þjónustu og hlutverk tengiliðar til nýrra nemenda og foreldra, að hausti og eftir þörfum.*

Þarna liggja því heilt yfir tækifæri til umbóta í innleiðingu farsældar barna í leik- og grunnskólum í Reykjanesbæ. Út frá þessu má móta aðgerðir við áframhaldandi innleiðingu farsældar barna.

Það ber þó að hafa í huga við þessa samantekt að það þarf einnig að rýna í svör hvers og eins skóla þar sem ekki má láta þá skóla sem skoruðu neðar falla á milli því meðaltalið kom vel út.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að skólarnir meti stöðuna góða út frá eftirfarandi fullyrðingum, sem fengu gildin 4 til 5, þ.e. 1.3, 1.5, 1.6, 1.7, 1.9, 2.1, 2.2, 2.3, 2.6, 2.7. Þeir þættir fela í sér:

- *1.3 Allt starfsfólk fær reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem þjónustuveitendur og veit hvernig bregðast á við þegar þörfum nemanda er ekki mætt.*
- *1.5 Búið er að útnefna tengilið/i farsældar við skólann og tilkynna til BOFS.*
- *1.6 Tryggt er að tengiliður farsældar hafi tíma og svigrúm til að sinna hlutverki sínu.*
- *1.7 Tengiliður farsældar er aðgengilegur nemendum og foreldrum og hlutverk hans er vel skilgreint. Skólastjórnendur sjá til þess að upplýsingar um tengilið skólans og hlutverk hans sé aðgengilegt á heimasíðu skólans.*
- *2.1 Tengiliður farsældar hefur sótt fræðslu hjá BOFS um hlutverk sitt. Hann viðheldur þekkingu sinni um farsældarlöggjöfina og hlutverk sitt því tengdu.*
- *2.2 Tengiliður farsældar þekkir vel úrræðalista um úrræði á fyrsta stigi innan sem utan veggja grunnskólans.*
- *2.3 Tengiliður farsældar þekkir vel verklagsreglur um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar.*
- *2.6 Tengiliður farsældar fylgir eftir verklagsreglum skólans í vinnu með nemendum og/eða foreldrum sem þurfa aðstoð.*
- *2.7 Tengiliður farsældar tekur þátt í að tryggja góða samvinnu og samfellu í þjónustu óháð kerfum, t.d. þegar nemendur flytjast á milli skóla, skólastiga, við heilbrigðis- og/eða velferðarkerfið.*

4.2 Stöðumat innleiðingar farsældar barna

Verkefnastjóri fyllti út sex gátlista um stöðu á innleiðingu farsældar barna heilt yfir. Gátlistarnir koma frá Barna- og fjölskyldustofu. Gátlistunum var svarað í ágúst 2025.

Eftirfarandi eru efnistök gátlistanna og hvort svarað var „lokið“ eða „í vinnslu“ eða „á ekki við“ við hvern þátt.

Gátlisti 1.1. - Upphaf og undirbúningur

1. Tilnefning/ráðning ábyrgðaraðila innleiðingar farsældar hjá sveitarfélagi/stofnun

- Skýra umboð og skyldur ábyrgðaraðila innleiðingar farsældar - Lokið
- Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældar hefur tíma og svigrúm til þess að sinna verkefnum - Lokið
- Hlutverk ábyrgðaraðila innleiðingar farsældar eru skýr – Lokið

2. Myndun stýrihóps innleiðingar farsældar hjá sveitarfélagi/stofnun

- Fulltrúar í stýrihóp eru með fjölbreyttan bakgrunn - Lokið
- Verkefni stýrihóps eru skýr – Lokið

3. Skoða og skýra þjónustusamninga, byggðasamlög og samvinnusamninga ef þeir eru til staðar til að skýra hlutverk hvers og eins við innleiðingu farsældarlaganna og vinnu við börn.

- Samstarfssamningar sveitarfélaga/stofnana – Á ekki við
- Þjónustusamningar við einkaaðila – Á ekki við
- Byggðasamlög – Á ekki við
- Skýra vel hlutverk hvers og eins og hver ber ábyrgð á hverju í þjónustu við börn – Á ekki við

4. Stofna til víðtæks samráðs allra þeirra sem skipuleggja og veita þjónustu við börn innan sveitarfélags/stofnunar

- Boða til fundar þar sem allir í sveitarstjórn/stjórnum stofnana og veita þjónustu við börn koma saman – Lokið
- Fundarefni er skýrt – Lokið

Gátlisti 2.1 - Fræðsla

1. Þau sem skipuleggja og stýra þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda til allra:

- Kjörinna fulltrúa hjá sveitarfélagi og stjórnenda stofnanna – í vinnslu
- Þeirra sem koma að því að skipuleggja og stýra þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun – Lokið

2. Þau sem veita börnum og foreldrum þjónustu hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda til allra starfsmanna sveitarfélags/stofnunar sem veitir börnum og foreldrum þjónustu.

- Til allra starfsmanna stofnunar - í vinnslu
- Til tengiliða farsældar og tryggja að þeir sæki fræðslu frá BOFS eins og þeim ber skylda til samkvæmt reglugerð - í vinnslu
- Til málstjóra farsældar um hlutverk sitt og tryggja að þeir hafi aðgang að útgefnu stuðningsefni BOFS - í vinnslu

3. Börn og foreldrar í sveitarfélagi eða þeir sem nýta þjónustu stofnunnar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin og leiðir til að nálgast tengilið farsældar

- Börn og foreldrar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin - í vinnslu
- Börn og foreldrar hafa fengið upplýsingar um hvernig á að nálgast tengilið farsældar - í vinnslu

Gátlisti 2.2 – Stigskipting farsældarþjónustu – úrræðaskjal

1. Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaga ásamt stýrihópi hefur kynnt sér vel hvað felst í stigskiptingu farsældarþjónustu:

- Farsældarþjónusta útskýring - frá almennri til sérhæfðari þjónustu *1 - Lokið
- Farsældarþjónusta útskýring - stigskipting *2 - Lokið
- Sýnishorn yfir stigskipta farsældarþjónustu *3 - Lokið

2. Farsældarþjónusta í nærumhverfi barna innan sem utan sveitarfélags/stofnunar hafa verið listuð upp

- Búið er að stigskipta allri farsældarþjónustu sveitarfélags/stofnunnar á þrjú stig samkvæmt farsældarlögunum - Lokið

3. Úrræðalisti þar sem stigskipting farsældarþjónustu á vegum sveitarfélags/stofnunar er aðgengilegur

- Búið er að útbúa úrræðalista sveitarfélagsins/stofnunarinnar sem tekur mið að þeim úrræðum sem í boði eru. - Lokið
- Úrræðalisti er aðgengilegur öllum þeim sem sinna stefnumótun, þeim sem starfa í farsældarþjónustu og notendum þjónustunnar. - Lokið
- Áhersla lögð á að úrræðalisti sveitarfélaga/stofnunar nái utan um þjónustu sem stendur börnum og foreldrum á viðkomandi svæði til boða en ekki eingöngu þjónusta sem viðkomandi sveitarfélag/stofnun veitir. - Lokið

Gátlisti 2.3 – Vinnsla persónuupplýsinga við samþættingu þjónustu

- 1. Stofnun þekkir reglur um vinnslu persónuupplýsinga í samþættingu þjónustu - Lokið
- 2. Sveitarfélag/stofnun hefur gert viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir sem taka mið af reglum um vinnslu persónuupplýsinga í samþættingu þjónustu - Lokið
- 3. Þjónustuveitendur á vegum sveitarfélags/stofnunar hafa fengið ítarlegar útskýringar á ,,Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliða/málstjóra" og hvernig hún er nýtt í vinnslu mála - Lokið
- 4. Þjónustuveitendur á vegum sveitarfélags/stofnunar hafa fengið ítarlegar útskýringar á ,,Beiðni um samþættingu þjónustu" og hvernig hún er nýtt í vinnslu mála - Lokið

Gátlisti 2.4 – Tengiliður farsældar

1. Búið er að tilnefna einn eða fleiri tengiliði farsældar hjá sveitarfélagi

- Tengiliðir eru staðsettir á öllum starfstöðum sveitarfélagsins/stofnunar - Lokið
- Tengiliður farsældar er tiltækur í félagsþjónustu eftir þörfum - Lokið
- Tengiliður farsældar uppfyllir viðmið um hæfi skv. 6. gr. reglugerðar nr. 1180/2022 - Lokið

2. Búið er að tilkynna alla þá sem hafa hlutverk tengiliðar farsældar til BOFS - Lokið

3. Tengiliðir farsældar hafa viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barna - Lokið

4. Tengiliðir farsældar í sveitarfélagi/stofnun hafa sótt viðeigandi fræðslu til BOFS og fengið upplýsingar um útgefið stuðningsefni

- Tengiliðir farsældar hafa tekið bæði grunn- og framhaldsnámskeið í Farsældarskóla BOFS - í vinnslu
- Tengiliðir farsældar hafa fengið stuðningsefni frá BOFS - Lokið

5. Tengiliðir farsældar er aðgengilegur börnum og foreldrum til að stuðla að samþættri þjónustu án hindrana

- Upplýsingar um tengilið/i eru aðgengilegar t.d. á heimasíðu sveitarfélags/stofnunar - Lokið

6. Tengiliðir farsældar hafa fengið upplýsingar um hvert þeir geta leitað ráðgjafar - Lokið

7. Skráning á vinnslu mála hjá tengilið farsældar

- Búið er tilnefna og láta BOFS vita hvaða aðili hjá sveitarfélagi/stofnun ber ábyrgð á að skila skráningu mála til BOFS - Lokið
- Tengiliðir farsældar skrá vinnslu mála í samþættingu þjónustu jafnt og þétt - Lokið
- Tengiliðir farsældar koma upplýsingum um vinnslu mála til ábyrgðaraðila hjá sveitarfélagi/stofnun sem skilar upplýsingum inn til BOFS þrisvar sinnum á ári. Fyrstu skil eru 15. maí fyrir tímabilið 1. janúar – 30. apríl. Önnur skil eru 15. september fyrir tímabilið 1. maí – 31. ágúst. Þriðju skil eru 15. janúar fyrir tímabilið 1. september – 31. desember - Lokið

8. Börn og foreldrar hafa fengið upplýsingar um hvernig hægt er að nálgast tengilið í sínu nærumhverfi - Lokið

Gátlisti 2.5 – Málstjóri farsældar

1. Búið er að tilnefna málstjóra farsældar hjá sveitarfélagi - Lokið
    - Málstjórar farsældar uppfylla viðmið um hæfi skv. 9. gr. reglugerðar - Lokið
2. Búið er að tilkynna alla þá sem gegna hlutverki málstjóra farsældar til BOFS - Lokið
3. Málstjórar hafa yfirgripsmikla þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barna - Lokið
4. Málstjórar farsældar í sveitarfélagi hafa fengið upplýsingar um útgefið stuðningsefni BOFS - Lokið
5. Málstjórar hafa fengið upplýsingar um hvert þeir geta leitað eftir ráðgjöf - Lokið
6. Skráning á vinnslu mála hjá málstjóra farsældar
    - Búið er tilnefna og láta BOFS vita hvaða aðili hjá sveitarfélagi/stofnun ber ábyrgð á að skila skráningu mála til BOFS - Lokið
    - Málstjórar farsældar skrá vinnslu mála í samþættingu þjónustu jafnt og þétt - Lokið
    - Málstjóri farsældar koma upplýsingum um vinnslu mála til ábyrgðaraðila hjá sveitarfélagi/stofnun sem skilar upplýsingum inn til BOFS þrisvar sinnum á ári. Fyrstu skil eru 15. maí fyrir tímabilið 1. janúar – 30. apríl. Önnur skil eru 15. september fyrir tímabilið 1. maí – 31. ágúst. Þriðju skil eru 15. janúar fyrir tímabilið 1. september – 31. desember - Lokið

Yfirferð gátlistanna gefa ágæta mynd á stöðu innleiðingarinnar, merkt var lokið við flesta áfanga, helsta sem var útistandandi og merkt „í vinnslu“ voru þættir tengdir fræðslu. Ýmis konar fræðsla hefur verið fyrir hagsmunaaðila en ekki nægilega markviss og ekki talin fullnægjandi til þess að merkja við að þeim áfanga sé lokið.

Það eru þó nokkrir þættir sem var merkt við lokið en eru samt sem áður umbótatækifæri í. Þar má nefna:

1) Úrræðalistann, búið var að vinna allt það helsta í kringum hann en upplifun leik- og grunnskólanna er sú að listinn er ekki tiltækur eða óviss hvernig megi nýta hann.
2) Tengiliðir og málstjórar hafi fengið upplýsingar hvar þeir geti leitað eftir ráðgjöf og fá afhent stuðningsefni frá BOFS. Þessu er í raun lokið þar sem búið er að upplýsa um þetta en verkefnastjóri metur svo að það séu einhverjir hnökrar þar á.
3) Börn og foreldrar hafa fengið upplýsingar um hvernig hægt er að nálgast tengilið í sínu nærumhverfi – þessu er lokið að því að leyti að þetta er á vef sveitarfélagsins og á flestum vefsíðum skólanna. Það eru hins vegar tækifæri til þess að koma þessum upplýsingum til barna og fjölskyldna með markvissari hætti.
4) Þeirra sem koma að því að skipuleggja og stýra þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun – fræðslu til þessa hóps þarf að framkvæma með markvissum hætti.

4.3 Skráning fjölda mála

Barna- og fjölskyldustofa óskar eftir skráningu mála í samþættingu þjónustu þrisvar sinnum á ári. Fyrstu skil eru 15. maí fyrir tímabilið 1. janúar til 30. apríl. Önnur skil eru 15. september fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst. Þriðju skil eru 15. janúar fyrir tímabilið 1. september til 31. desember.

Skráning felst í því að taka saman tölur um ný mál á tímabilinu (ný mál eru flokkuð niður á kynjaskiptingu, ófædd börn og erlendur bakgrunnur), heildarfjöldi mála í samþættri þjónustu óháð því hvenær þau hófust (mál í vinnslu) og fjöldi mála sem tengiliður farsældar vísar til málstjóra farsældar á tímabilinu og svo fyrir málstjórana, fjöldi mála sem eru send til tengiliða farsældar.

Fjöldi mála í samþættingu þjónustu, ný mál og opin mál, árið 2025

Fyrstu skil - 1.jan-30.apríl 2025	Fjöldi nýrra mála	Heildarfjöldi opinna
1. stig	12 mál	40 mál
2. stig	11 mál	51 mál
3. stig	4 mál	4 mál
Samtals	27 ný mál	95 opin mál

Önnur skil - 1.maí - 31.ágúst 2025	Fjöldi nýrra mála	Heildarfjöldi opinna
1. stig	7 mál	32 mál
2. stig	2 mál	54 mál
3. stig	1 mál	8 mál
Samtals	10 ný mál	94 opin mál

Þriðju skil - 1.sept. - 31.des 2025	Fjöldi nýrra mála	Heildarfjöldi opinna
1. stig	18 mál	50 mál
2. stig	10 mál	47 mál
3. stig	3 mál	6 mál
Samtals	31 ný mál	103 opin mál

Eitt af markmiðum farsældarlaganna er að flest mál séu unnin á 1. stigi, færri mál á 2. stigi og fæst mál á 3. stigi. Þannig má sjá fyrir sér að fjöldi mála myndi þríhyrning. Frá því að innleiðingin hófst hjá Reykjanesbæ og fram til haustsins 2025 hefur þríhyrningurinn verið af mótaður á þann máta að fleiri mál hafa verið á 2. stigi heldur en á 1. stigi, og litið því út eins og jólatré með lítinn bol, breiður um sig og lítinn topp. Á síðasta þriðjungi ársins 2025 tókst það að flest málin voru á 1. stigi, aðeins færri á 2. stigi og fæst á 3. stigi. Með eflingu og

fræðslu á 1. stigi eru vonir bundnar við það að takist að stíga enn frekar í þá átt að fjöldi mála fylgi hinum fyrirmyndar þríhyrningi.



Mynd 7: Fyrirmyndar þríhyrningur út frá stigskiptingu þjónustu

5 Aðgerðaáætlun

Hér að neðan eru teknar saman þær aðgerðir sem stýrihópur hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Reykjanesbæjar vegna innleiðingar farsældarlaganna fyrir árið 2026. Eigendur verkefnisins í samstarfi við stýrihópinn hafa lagt áherslu á fyrsta stigið og tengiliði farsældar.

Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats og verður sú tenging sérstaklega tilgreind undir hverri og einni aðgerð. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann tryggir aðgerðinni brautargengi og ber ábyrgð á að henni verði komið í framkvæmd innan þess tímaramma sem áætlaður er. Samstarfsaðilar hafa það hlutverk að koma að undirbúningi og framkvæmd aðgerðar í samráði við ábyrgðaraðila, án þess að eiga hlutverk í verkefnahópi beint.

5.1 Aðgerð 1: Fræðsla til alls starfsfólks og kjörinna fulltrúa

Ábyrgðaraðili: Eydís Rós Ármannsdóttir

Verkefnahópur: Eydís Rós Ármannsdóttir, Kolfinna Njálsdóttir og Vilborg Pétursdóttir

Samstarfsaðilar: Mannauðsdeild, rýnihópur fyrir fræðsluna

Markmið

Yfirmarkmið:

Allt starfsfólk Reykjanesbæjar og kjörnir fulltrúar þekki til farsældarlaganna, þekki hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda.

Undirmarkmið:

- **Allir tengiliðir og málstjórar farsældar og stjórnendur leik-, grunn- og tónlistarskóla, umsjónakennarar, ráðgjafateymi skóla, stjórnendur frístunda- og félagsmiðstöðva, starfsfólk skrifstofu velferðarsviðs, stýrihópur, eigendur verkefnisins** ljúki Farsældarskólanum, grunn og framhaldsnámskeiði.
- **Allir kjörnir fulltrúar** ljúki námskeiðinu „Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna – Kynning“ á Fróða fræðsluvef.
- **Allt starfsfólk Reykjanesbæjar** (sem er ekki að ljúka Farsældarskólanum) ljúki námskeiðinu „Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna – Kynning“
- Allt starfsfólk Reykjanesbæjar og kjörnir fulltrúar hafi lokið fræðslu í farsæld barna fyrir lok apríl 2026.

Afleidd markmið:

- Auka umferð starfsfólks inn á Fræðsluvefinn Fróða

Framkvæmd

Haustið 2025 hófst undirbúningur við markvissa fræðslu til alls starfsfólk sveitarfélagsins.

Fræðsluvefurinn Fróði verður nýttur til þess að hýsa fræðslu fyrir allt starfsfólk Reykjanesbæjar og kjörna fulltrúa.

Útbúin hafa verið tvö námskeið inn á fræðsluvefnum Fróða.

1) Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna – Kynning. Í því námskeiði er hlekkjað á kynningarmyndband frá Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) á Youtube þar sem Páll Ólafsson, framkvæmdastjóri BOFS er með 20 mínútna kynningu um allt það helsta tengt farsældarlögunum. Eftir að horft hefur verið á myndbandið skal svara nokkrum spurningum til þess að ljúka við námskeiðið.
2) Farsæld barna – Tengiliðir farsældar. Í því námskeiði er hlekkjað á Farsældarskólann sem er á vegum Barna- og fjölskyldustofu.

Með því að nýta Fróða fræðsluvefinn þá næst góð yfirsýn yfir það hverjir hafa lokið við námskeiðin.

Þau sem ljúka við Farsældarskólann skulu senda viðurkenningarskírteini á næsta yfirmann og á verkefnastjóra innleiðingar farsældar barna á farsaeldbarna@reykjanesbaer.is svo hægt verði að halda utan um þátttöku i farsældarskólanum.

Mikilvægt að annað lykilstarfsfólk innan skólanna taki Farsældarskólann, þ.a.m. þeir sem sitja í nemendaverndarráði.

Ekki er þörf á öðrum aðföngum hér en tími starfsmanna sem kemur að framkvæmd verkefnisins.

Tímarammi: Febrúar til apríl 2026

Fjármagn: 300 þúsund kr.

Tenging við stöðumat

Stöðumat innleiðingar:

Þegar markmiðum aðgerðarinnar hefur verið náð í lok apríl 2026 verður hægt að merkja „lokið“ við þá reiti sem var merkt „í vinnslu“ í síðasta stöðumati.

1. Þau sem skipuleggja og stýra þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda til allra:

- Kjörinna fulltrúa hjá sveitarfélagi og stjórnenda stofnanna – í vinnslu
- Þeirra sem koma að því að skipuleggja og stýra þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun – Lokið

2. Þau sem veita börnum og foreldrum þjónustu hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda til allra starfsmanna sveitarfélags/stofnunar sem veitir börnum og foreldrum þjónustu.

- Til allra starfsmanna stofnunar - í vinnslu
- Til tengiliða farsældar og tryggja að þeir sæki fræðslu frá BOFS eins og þeim ber skylda til samkvæmt reglugerð - í vinnslu
- Til málstjóra farsældar um hlutverk sitt og tryggja að þeir hafi aðgang að útgefnu stuðningsefni BOFS - í vinnslu

3. Börn og foreldrar í sveitarfélagi eða þeir sem nýta þjónustu stofnunnar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin og leiðir til að nálgast tengilið farsældar

- Börn og foreldrar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin - í vinnslu
- Börn og foreldrar hafa fengið upplýsingar um hvernig á að nálgast tengilið farsældar - í vinnslu

4. Tengiliðir farsældar í sveitarfélagi/stofnun hafa sótt viðeigandi fræðslu til BOFS og fengið upplýsingar um útgefið stuðningsefni

- Tengiliðir farsældar hafa tekið bæði grunn- og framhaldsnámskeið í Farsældarskóla BOFS - í vinnslu

Stöðumat leik- og grunnskóla:

- 1.1. Farsældarlög eru innleidd í allt verklag skólans. Hugmyndafræði og markmið farsældarlaganna eru skýr, sýnileg og samofin öllu starfi skólans.
- 1.3 Allt starfsfólk fær reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem þjónustuveitendur og veit hvernig bregðast á við þegar þörfum nemanda er ekki mætt.
- 1.8 Nemendur og foreldrar eru vel upplýstir um farsældarlöggjöfina og hlutverk og ábyrgð skólans í átt að farsæld allra nemenda.

5.2 Aðgerð 2: Verkferlar við samþættingu

Ábyrgðaraðili: Eydís Rós Ármannsdóttir

Verkefnahópur: Einar Trausti Einarsson, Eydís Rós Ármannsdóttir, Henný Úlfarsdóttir, Vilborg Pétursdóttir, tengiliður farsældar í leik- og grunnskóla.

Samstarfsaðilar: Gæðastjóri.

Markmið

Yfirmarkmið: Markmið er að gera verkferla við samþættingu þjónustu notendavænni og aðgengilegri til að auka áhuga, færni og hæfni tengiliða og málstjóra farsældar til að nýta þá

í framkvæmd. Með því er stefnt að því að fleiri prófi sig áfram í samþættingu þjónustu, kynni hana fyrir börnum og fjölskyldum, vinni eftir verkferlunum og auki skilvirkni í þjónustunni.

Undirmarkmið:

- Auka notkun á ferlunum í CCQ
- Útbúa ferla fyrir færslu milli skólastiga, vinnsla mála yfir sumarfrí
- Gæðastjóri heldur fræðslu um notkun verklagsreglu eftir endurskoðun – mars 2026

Framkvæmd

Endurskoða þarf núverandi verkferla, það hafa komið upp ýmsar áskoranir og ábendingar um umbætur. Til að mynda að gæðahandbókin CCQ sé ekki nógu notendavæn, verkferlarnir séu skrifaðir með tilvitnanir í lagagreinar og ekki nægilega notendavænir.

Markmið með aðgerðinni er að bregðast við þessum ábendingum og einfalda ferlana en hafa þá mjög skýra á sama tíma, skref fyrir skref leiðbeiningar.

Eftir að verklagsreglan og ferlarnir hafa verið endurskoðaðir mun gæðastjóri halda fræðslu um notkun verklagsreglunnar og notkun á CCQ.

Tímarammi: Febrúar til apríl 2026

Tenging við stöðumat:

Stöðumat leik- og grunnskóla:

- 1.1. Farsældarlög eru innleidd í allt verklag skólans. Hugmyndafræði og markmið farsældarlaganna eru skýr, sýnileg og samofin öllu starfi skólans.

5.3 Aðgerð 3: Tengslanet við almenna þjónustuveitendur

Ábyrgðaraðili: Eydís Rós Ármannsdóttir

Verkefnahópur: Ekki settur hópur að þessu sinni

Samstarfsaðilar: Stýrihópur, íþróttafélög, tómstundastarf, svæðisfulltrúar íþróttahéraða á Suðurnesjum

Markmið

Yfirmarkmið: Auka og styrkja samvinnu við almenna þjónustuveitendur til að bæta upplýsingaflæði, samstarf og árangur innleiðingarinnar.

Undirmarkmið:

Áfangi 1:

- Skrá og flokka alla viðeigandi ytri hagsmunaaðila, þar á meðal almenna þjónustuveitendur (jan 2026)

- Setja upp samskiptaáætlun samhliða hagsmunaaðilagreiningu (feb 2026)
- Forgangsraða 3–5 lykilaðilum sem þarf að tengjast fyrst, kortleggja væntingar þeirra (feb 2026)
- Hafa samband við alla lykil almenna þjónustuveitendur í tölvupósti (febrúar - mars 2026)

Áfangi 2:

- Ræsa eitt sameiginlegt verkefni, samvinnu eða ferli með að minnsta kosti þremur aðilum innan 3 mánaða.

Framkvæmd

Skilgreining á almennum þjónustuveitendum skv. farsældarlögunum; *Almenn þjónusta í þágu farsældar barns: Allt skipulagt starf annarra en þjónustuveitenda sem á þátt í að stuðla að farsæld barns, t.d. þjónusta sjálfstætt starfandi sérfræðinga, íþrótta-, lista- og æskulýðsstarf og starfsemi frjálsra félaga- og hagsmunasamtaka.*

Áfangi 1 felur í sér að skrá og flokka alla ytri hagsmunaaðila, þar á meðal almenna þjónustuveitendur í janúar 2026. Í kjölfarið af þeirri vinnu var sett upp samskiptaáætlun í febrúar 2026. Síðan verður forgangsraðað 3–5 lykilaðilum sem mikilvægt er að tengjast fyrst, og væntingar þeirra kortlagðar. Haft verður samband við alla skilgreinda almenna þjónustuveitendur með tölvupósti í fyrir lok mars 2026. Horft er til þess að helstu almennir þjónustuveitendur sem verða fremstir í röðinni séu þau félög sem flest börn iðka íþróttir og tómstundir hjá. Áætlað er að mynda tengsl við öll þau félög sem starfa með börnum í Reykjanesbæ.

Áfangi 2 miðar að því að ræsa eitt sameiginlegt verkefni, samvinnu eða ferli með að minnsta kosti þremur þjónustuveitendum innan þriggja mánaða frá lokum fyrsta áfanga.

Tímarammi

Áfangi 1: Koma á samskiptum og undirbúa grunn að farsælli samvinnu – lokið í febrúar 2026

Áfangi 2: Koma af stað sameiginlegu verkefni eða ferli – apríl 2026

Áfangi 3: Vinna sameiginlegt verkefni – apríl til desember 2026

Tenging við stöðumat:

Ekki er bein tenging inn í stöðumatið en þörfin fyrir þessu tengslaneti er til staðar. Stýrihópur, málstjórar og tengiliðar farsældar hafa kallað eftir tengingu þarna á milli.

5.4 Aðgerð 4: Styrkja tengiliði farsældar í sínu hlutverki

Ábyrgðaraðili: Kolfinna Njálsdóttir

Verkefnahópur: Haraldur Axel Einarsson, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, Kolfinna Njálsdóttir, tengiliður farsældar í leik- og grunnskóla.

Samstarfsaðilar: Tengiliðir á heilsugæslum í Reykjanesbæ, tengiliðir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, málstjórar farsældar

Markmið

Yfirmarkmið: Stuðla að því að tengiliðir séu öruggir í sínu hlutverki, geta stutt við samþættingu þjónustu með öryggi í hendi.

Undirmarkmið:

- Tryggja að verklagsreglur séu til hjá öllum skólum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver ber ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt.
- Tryggja markvissan stuðning og fræðslu til tengiliða í notkun á verkferlum og stuðningsefni

Framkvæmd:

Unnið verður að því að styrkja tengiliði í sínum hlutverkum með því að bjóða áfram upp á tengiliðafundi. Rýna þarf í þarfir skólastiga hver þörfin sé, hvort það myndi nægja að hafa slíka fundi einu sinni á önn eða hvort óskað sé eftir fundi einu sinni í mánuði svo dæmi sé tekið.

Tryggja skal að verklagsreglur verði til hjá öllum skólum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver beri ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt. Slíkar verklagsreglur væru til stuðnings starfsfólki skóla til þess að auka líkurnar á að koma auga á tækifæri til samþættingar þjónustu.

Tímarammi: Mars til desember 2026

Tenging við stöðumat:

Stöðumat leik- og grunnskóla:

- 1.3 Allt starfsfólk fær reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem þjónustuveitendur og veit hvernig bregðast á við þegar þörfum nemanda er ekki mætt.
- 1.9 Skólastjórnendur tryggja að til staðar séu verklagsreglur hjá skólanum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver ber ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt.
- 2.4 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, kynnir hlutverk tengiliðar reglulega fyrir nemendum og foreldrum.

Stöðumat innleiðingar:

2. Þau sem veita börnum og foreldrum þjónustu hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda til allra starfsmanna sveitarfélags/stofnunar sem veitir börnum og foreldrum þjónustu.

- Til tengiliða farsældar og tryggja að þeir sæki fræðslu frá BOFS eins og þeim ber skylda til samkvæmt reglugerð - í vinnslu

5.5 Aðgerð 5: Styrkja málstjóra farsældar í sínu hlutverki

Ábyrgðaraðili: Vilborg Pétursdóttir

Verkefnahópur: Henný Úlfarsdóttir og Vilborg Pétursdóttir

Samstarfsaðilar: Tengiliðir á heilsugæslum í Reykjanesbæ, tengiliðir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, tengiliðir farsældar í leik- og grunnskólum

Markmið

Yfirmarkmið: Að efla stuðningskerfi og verkferla málstjóra þannig að þeir geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt farsældarlögum af fagmennsku og skilvirkni.

Framkvæmd

Gert er ráð fyrir að málstjórar farsældar vinni saman að því að styrkja sig í samþættingu þjónustu með auknu samtali um samþættingu þjónustu og framkvæmd stuðningsáætlunar. Til að mynda verða haldnir fundir með málstjórum þar sem rýnt verður í verkferla og stuðningsefni. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti tveir fundir verði haldnir á árinu. Þá mun sameiginleg vinnustofa einnig styðja við þetta.

Tímarammi: Mars til desember 2026

Tenging við stöðumat:

Stöðumat innleiðingar:

2. Þau sem veita börnum og foreldrum þjónustu hafa fengið fræðslu um farsældarlögin. Fræðsla um farsældarlögin, hlutverk og ábyrgð þjónustuveitandanda til allra starfsmanna sveitarfélags/stofnunar sem veitir börnum og foreldrum þjónustu.

- Til málstjóra farsældar um hlutverk sitt og tryggja að þeir hafi aðgang að útgefnu stuðningsefni BOFS

5.6 Aðgerð 6: Sameiginleg vinnustofa fyrir tengiliði og málstjóra farsældar

Ábyrgðaraðili: Eydís Rós Ármannsdóttir

Verkefnahópur: Eydís Rós Ármannsdóttir, Kolfinna Njálsdóttir, Vilborg Pétursdóttir

Samstarfsaðilar: Barna- og fjölskyldustofa, tengiliðir farsældar í leik-, grunn- og framhaldsskóla, málstjórar farsældar, tengiliðir farsældar á heilsugæslum í Reykjanesbæ

Markmið

Yfirmarkmið: Styrkja tengiliði og málstjóra farsældar í sínu hlutverki, að geta stutt við samþættingu þjónustu af öryggi

Undirmarkmið:

- Fyrir lok marsmánaðar verði búið að halda sameiginlega vinnustofu með málstjórum og tengiliðum farsældar í leik- og grunnskólum til þess að rýna verklagið og styrkja þá í sínu hlutverki

Framkvæmd

Eitt það mikilvægasta í styrkingu málstjóra og tengiliða farsældar er að halda sameiginlega vinnustofu, leidd af Barna- og fjölskyldustofu þar sem fengist tækifæri til þess að hittast, rýna verkferlana og æfa sig að samþætta mál með hlutverkaleik. Aukinn skilningur á hlutverkum hvers annars er meðal þess sem fengist með slíkri vinnustofu.

Grunnforsenda fyrir vinnustofunni er að allir þátttakendur hafi lokið fræðslu um farsæld barna, til þess að allir séu á sömu blaðsíðu.

Tímarammi: Mars 2026

Fjármagn: 450 þúsund kr.

Tenging við stöðumat

Stöðumat leik- og grunnskóla:

- 1.3 Allt starfsfólk fær reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem þjónustuveitendur og veit hvernig bregðast á við þegar þörfum nemanda er ekki mætt.
- 2.4 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, kynnir hlutverk tengiliðar reglulega fyrir nemendum og foreldrum.

5.7 Aðgerð 7: Upplýsingagjöf á vef Reykjanesbæjar

Ábyrgðaraðili: Eydís Rós Ármannsdóttir

Verkefnahópur: Haraldur Axel Einarsson, tengiliður farsældar úr leik- og grunnskóla

Samstarfsaðilar: Einar Trausti Einarsson, Henný Úlfarsdóttir, Kolfinna Njálsdóttir, Vilborg Pétursdóttir, vefstjóri.

Markmið

Yfirmarkmið: Tryggja að allir hagsmunaaðilar og íbúar hafi aðgang að réttum og notendavænum upplýsingum á vef Reykjanesbæjar.

Undirmarkmið:

- Fara yfir og endurbæta upplýsingar á vefsíðu – apríl 2026
- Setja inn lista yfir farsældarþjónustu (úrræðalista) inn á vef Reykjanesbæjar – apríl 2026

Framkvæmd

Yfirfara upplýsingar á síðu um farsæld barna á vef Reykjanesbæjar, gera upplýsingarnar notendavænni, greina hvaða upplýsingar þurfa að vera á vefsíðunni til þess að koma helstu upplýsingum til skila. Koma þarf lista yfir farsældarþjónustu (úrræðalista) inn á síðuna um farsæld barna á vef sveitarfélagsins á notendavænan máta.

Tímarammi

Mars til apríl 2026

Tenging við stöðumat

Stöðumati leik- og grunnskóla:

- 1.4 Ítarlegur úrræðalisti fyrir þjónustu á fyrsta stigi (grunn- og einstaklingsmiðaður stuðningur) er til staðar og aðgengilegur starfsfólki, nemendum og foreldrum. Úrræðalistinn er uppfærður reglulega.
- 1.8 Nemendur og foreldrar eru vel upplýstir um farsældarlöggjöfina og hlutverk og ábyrgð skólans í átt að farsæld allra nemenda.

Stöðumat innleiðingar:

3. Úrræðalisti þar sem stigskipting farsældarþjónustu á vegum sveitarfélags/stofnunar er aðgengilegur

- Búið er að útbúa úrræðalista sveitarfélagsins/stofnunarinnar sem tekur mið að þeim úrræðum sem í boði eru.
- Úrræðalisti er aðgengilegur öllum þeim sem sinna stefnumótun, þeim sem starfa í farsældarþjónustu og notendum þjónustunnar.
- Áhersla lögð á að úrræðalisti sveitarfélaga/stofnunar nái utan um þjónustu sem stendur börnum og foreldrum á viðkomandi svæði til boða en ekki eingöngu þjónusta sem viðkomandi sveitarfélag/stofnun veitir.

5.8 Aðgerð 8: Kynning og fræðsla til íbúa

Ábyrgðaraðili: Eydís Rós Ármannsdóttir

Verkefnahópur: Kolfinna Njálsdóttir, Vilborg Pétursdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, tengiliður farsældar í leik-, grunn- og framhaldsskóla, tengiliður farsældar á heilsugæslu í Reykjanesbæ og svæðisfulltrúi íþróttahéraða á Suðurnesjum.

Samstarfsaðilar: Markaðs- og kynningarfulltrúi, heilsugæslur í Reykjanesbæ, leik-, grunn- og framhaldsskólar í Reykjanesbæ, Barna- og fjölskyldustofa

Markmið

Yfirmarkmið: Með markvissri fræðslu og samræmdri kynningu er stefnt að því að auka skilning fjölskyldna í Reykjanesbæ á samþættri þjónustu og þeim stuðningsúrræðum sem í boði eru.

- Fjölskyldur í Reykjanesbæ þekki til hvað felst í samþættingu þjónustu
- Auka traust og samvinnu milli foreldra, skóla og þjónustuaðila.

Undirmarkmið:

- Útbúa upplýsingabækling um farsæld barna – apríl 2026
- Framleiða þrjú stutt myndbönd með jákvæðum reynslusögum frá fjölskyldum í Reykjanesbæ – lokið fyrir lok júní 2026
- Markaðsátak á vef og samfélagsmiðlum Reykjanesbæjar (myndbönd um reynslusögur og bæklingur) – Hefst á samfélagsmiðlum í byrjun skólaárs ágúst 2026

Framkvæmd

Lögð verður áhersla á markvisst samstarf við skóla og foreldrafélög með það að markmiði að efla fræðslu til foreldra og finna árangursríkustu leiðirnar til að ná til þeirra.

Kynning og fræðsla til foreldra mun fara fram með fjölbreyttum hætti, svo sem í gegnum myndbönd og persónulegar reynslusögur foreldra sem hafa upplifað ávinning af samþættingu þjónustu. Myndböndin má setja á vef og samfélagsmiðla Reykjanesbæjar til þess að ná til íbúa. Einnig verður útbúinn stuttur og einfaldur kynningarbæklingur sem skólarnir geta afhent foreldrum í foreldraviðtölum eða við önnur viðeigandi tækifæri.

Settur verður upp hugmyndabanki þar sem safnað er saman tillögum og góðum dæmum um mismunandi leiðir fyrir skólana til þess að kynna farsæld barna og tengda þjónustu fyrir foreldrum. Tryggja að allir leik- og grunnskólar hafi veggspjöld sýnileg um farsæld barna og upplýsi nemendur og foreldra um tengiliði farsældar í upphafi hvers skólaárs.

Jafnframt verður lögð sérstök áhersla á að ná vel til umsjónarkennara með fræðslu og opnu samtali, þar sem þeir gegna lykilhlutverki í tengslum við foreldra og geta miðlað upplýsingum áfram á markvissan hátt.

Fundin verður lausn á því að auka upplýsingar um farsæld barna á erlendum tungumálum til þess að styðja betur við foreldra af erlendum uppruna. Gagnlegt væri að vinna slíka þarfagreiningu með þeim leik- og grunnskólum sem eru með hæsta hlutfall nemenda af erlendum uppruna. Barna- og fjölskyldustofa hefur boðið fram aðstoð við rýna í niðurstöður kortlagnarinnar og aðstoða við gerð leiðbeininga og gagna sem taka mið af niðurstöðum.

Fjármagn: 300 þúsund kr.

Tímarammi: Apríl til desember 2026

Tenging við stöðumat

Stöðumat leik- og grunnskóla:

- 2.5 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, stendur fyrir fræðslu um farsældarlöggjöfina, samþættingu þjónustu og hlutverk tengiliðar til nýrra nemenda og foreldra, að hausti og eftir þörfum.

Stöðumat innleiðingar:

3. Börn og foreldrar í sveitarfélagi eða þeir sem nýta þjónustu stofnunnar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin og leiðir til að nálgast tengilið farsældar

- Börn og foreldrar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin
- Börn og foreldrar hafa fengið upplýsingar um hvernig á að nálgast tengilið farsældar

5.9 Aðgerð 9: Farsæld í samfélaginu

Ábyrgðaraðili: Eydís Rós Ármannsdóttir

Verkefnahópur: Kemur síðar

Samstarfsaðilar: Leik- og grunnskólar, BAUN barna- og ungmennahátíð, menningarfulltrúi, félagsmiðstöðvar

Markmið

Yfirmarkmið: Stuðla að því að hugtakið farsæld festi sig í sessi í samfélaginu í heild sinni

Undirmarkmið:

- Fyrir lok árs 2026 verði búið að tengja við hátíðir í sveitarfélaginu eða í leik- og grunnskólum með hugtakið „farsæld barna“ að leiðarljósi
- Leik- og verkefnamiðuð fræðsla fyrir börn um farsæld barna

Framkvæmd

Aðgerðin er á frumstigi.

Dæmi um framkvæmd getur verið að halda farsældarviku, vera með farsældar þema í leik- og grunnskólum, samvinna með ungmennaráði (hvað þýðir farsæld fyrir þeim).

Tímarammi

Áfangi 1 – Hugmyndavinna og undirbúningur: Mars – maí 2026

Áfangi 2 – Framkvæmd: Maí og september til desember 2026

Tenging við stöðumat

Stöðumat innleiðingar:

3. Börn og foreldrar í sveitarfélagi eða þeir sem nýta þjónustu stofnunnar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin og leiðir til að nálgast tengilið farsældar

- Börn og foreldrar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin - í vinnslu

5.10 Samantekt aðgerða

Markmið aðgerða ársins 2026 er að festa samþætta þjónustu í þágu farsældar barna í sessi með skýru eignarhaldi og skuldbindingu helstu hagsmunaaðila, þannig að verklag farsældar barna verði hluti af daglegu starfi. Með fræðslu, styrkingu lykilhlutverka og nánu samstarfi er stefnt að því að bæta aðgengi barna og fjölskyldna að samhæfðri og skilvirkri þjónustu. Inn í aðgerðirnar og innleiðinguna sjálfa er áhersla lögð á á eignarhald og skuldbindingu hagsmunaaðila að verkefninu. Á þessu stigi í innleiðingunni skiptir miklu máli að allir helstu hagsmunaaðilar tileinki sér stefnu eða hugmyndafræði farsældar barna, sjái tilgang í því að fara eftir aðferðum og verklagi farsældar barna. Með því að hrinda af stað aðgerðum ársins 2026 eru vonir bundnar við að það takist að taka stórt og mikilvægt skref í átt að eignarhaldi og skuldbindingu. Aðgerðirnar byggja því á áframhaldandi vinnu að verkefninu, markvissri fræðslu, betri og skilvirkari nýtingu á verklagsreglum sem hafa verið útbúnar og nánara samstarfi með hagsmunaaðilum.

Aðgerðir í áætluninni fyrir árið 2026 eru, raðað í tímaröð út frá áætluðum lokatíma:

- Verkferlar fyrir samþættingu þjónustu – áætluð lok í mars
- Vinnustofa fyrir tengiliði og málstjóra farsældar - áætluð lok í mars
- Fræðsla til alls starfsfólks og kjörinna fulltrúa – áætluð lok í apríl
- Upplýsingagjöf á vef Reykjanesbæjar - áætluð lok í apríl
- Tengslanet við ytri þjónustuveitendur – áætluð lok í desember
- Styrkja tengiliði farsældar í sínu hlutverki - áætluð lok í desember
- Styrkja málstjóra farsældar í sínu hlutverki - áætluð lok í desember
- Kynning og fræðsla til íbúa - áætluð lok í desember
- Farsæld í samfélaginu - áætluð lok í desember

Í viðauka I má sjá tímaáætlun aðgerða, dreifingu þeirra yfir árið.

Stýrihópurinn, í samráði við eigendur, valdi ofangreindar aðgerðir fyrir árið á grundvelli þarfa sem hafa verið gegnumgangandi til umræðu í innleiðingarferlinu, auk niðurstaðna úr stöðumati.
Til viðbótar við þær aðgerðir sem settar eru fram í áætluninni er lagt til að skoðað verði hvort halda megi svokallaðan farsældardag. Hugmyndin er að boða helstu hagsmunaaðila til fundar þar sem áhersla yrði lögð á fræðslu, umræðu og að fagna þeim áföngum sem náðst hafa í innleiðingarferlinu.

6 Lokamat og áframhald

Í lok árs 2026 verður gerð skrifleg samantekt um framgang aðgerða í aðgerðaáætlun og lokamat á þeim.
Það að viðhalda farsældinni í öllu starfi með börnum og fjölskyldum er eilífðarverkefni þar sem ákvæði laganna geta tekið breytingum sem og aðstæður og umhverfi barna og fjölskyldna. Því þarf stöðugt að vera að endurskoða og tryggja að unnið sé í anda farsældarlaganna innan Reykjanesbæjar og í öllu því starfi sem tengist börnum í sveitarfélaginu.
Samhliða vinnu við gerð starfs-og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027 verða sett fram ný markmið og ný áætlun um hvernig viðhalda skuli farsældinni í öllu starfi innan Reykjanesbæjar sem viðkemur þjónustu við börn.

Viðauki I – Tímaáætlun aðgerða

Verkáætlun		Tímalengd	Undanfari	JANÚAR				FEBRÚAR				MARS				APRÍL				MAÍ				JÚNÍ				JÚLÍ				ÁGÚST				SEPT				OKT				NÓV				DES			
Undirbúningur				1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
1	Fræðsla til alls starfsfólks	2,5 mán																																																	
2	Verkferlar við samþættingu	3 mán																																																	
3	Tengslanet við ytri þjónustuveitendur	12 mán																																																	
4	Styrkja tengiliði farsældar í sínu hlutverki	10 mán																																																	
5	Styrkja málstjóra farsældar í sínu hlutverki	10 mán																																																	
6	Sameiginleg vinnustofa tengiliða og málstjóra	3 vikur	1,2																																																
7	Upplýsingagjöf á vef Reykjanesbæjar	2 mán																																																	
8	Kynning og fræðsla til íbúa	9 mán																																																	
9	Farsæld í samfélaginu	10 mán																																																	